

Á fundi velferðarráðs, þann 10. ágúst 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Flokk fólksins:

Flokkur fólksins leggur til að hugtakið utangarðsfólk verði ekki notað frekar hjá velferðarsviði og velferðarráði borgarinnar. Hugtakið er að mati borgarfulltrúa Flokks fólksins neikvætt og er ef til vill barn síns tíma. Lagt er til að í stað hugtaksins utangarðsfólk sé talað um heimilislausa eða fólk í húsnaðisvanda. Heimilislaust fólk er afar fjölbreyttur hópur fólks sem á það sameiginlegt að hafa ekki aðgang að hefðbundnu húsnaði, hefur ekki húsaskjól að staðaldri á sama stað.